

HAFNARFJÖRÐUR, 2021

FORNLEIFASKRÁ HAFNARFJARÐAR XII

KRÝSUVÍK



BYGGÐASAFN
HAFNARFJARÐAR
HAFNARFJÖRÐUR MUSEUM

ATLI RÚNARSSON

FORNLEIFAFRÆÐINGUR

Mynd á forsiðu sýnir Strákaffárhús (2036-7).

©2021

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Strandgata 4

220 Hafnarfjörður

Sími: 585 5780

Netfang: museum@hafnarfjordur.is

Heimasíða: www.byggdasafnid.is

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning	3
Fornleifar.....	6
Krýsuvík.....	24
Heimildaskrá	30
Myndaskrá.....	32
Töfluskrá	32
Viðauki 1 – Sérkort.....	33
Sérkort 1: Helstu leiðir merktar	34
Viðauki 2 – Fornleifaskrá	35

Inngangur

Árið 2020 var sú ákvörðun tekin að Byggðasafn Hafnarfjarðar myndi hefja vinnu við að endurskrá allar fornminjar í sveitarfélaginu vegna aðalskipulags¹ en margar af þeim skráningum sem fyrir lágu voru orðnar úreltar og þurfti að uppfæra þær að stöðlum Minjastofnunar Íslands.² Það er hlutverk Byggðasafns Hafnarfjarðar að sjá um skráningu allra minja í sveitarfélaginu.

Ákveðið var að skipta bæjarlandinu upp í ellefu svæði og Krýsuvík myndi svo verða það tólfta. Þessi skýrsla fjallar um Krýsuvík. Einnig var ákveðið að safna þeim skráningum sem fyrir lágu og voru eftir stöðlum Minjastofnunar og hafa þær aðgengilegar á einum stað í stað þess að vera í fölmörgum skýrslum eins og var áður.

Umrætt skráningarsvæði er land Hafnarfjarðar við Krýsuvík sem bærinn eignaðist árið 1939. Þetta eru jarðirnar Krýsuvík og Stóri Nýibær, sem áður voru í Grindarvíkurhreppi, eða „*allt ræktanlegt land milli Sveifluháls og Geitarhlíðar og milli Kleifarvatns og sjávar*.“ Þetta landsvæði var innlimað í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar árið 1946.³

Svæðið hafði tvisvar verið skráð í heild en einnig höfðu verið gerðar deiliskipulagsskráningar.⁴ Í raun má segja að hluti svæðisins hafi fyrst verið skráð af Brynjólfi Jónssyni árið 1902 en hann fór þá á svæðið og skoðaði rústir Gömlu-Krýsuvíkur (í Húshólma), Gestsstaði (1780-1855, 3531 & 3532) og meintar leifar Kaldrana (1780-1856 & 1857).⁵

Fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, loftmyndum og fyrri skráningarskýrslum, vettvangsskráningu og úrvinnslu. Farið var eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands sem gaf verkefninu númerið 2687. Á vettvang fóru fornleifafræðingurinn Atli Rúnarsson og fornleifafræðineminn Björn Ari Örvarsson. Atli sá um skýrslugerð, ljósmyndir voru teknar af höfundum nema annað sé tekið fram og það sama á við um kortagerð.

Hluti svæðisins var skráð af Heiðrúnu Evu Konráðsdóttur árið 2019 og fékk það verk númerið 2036 og heldur það því í þessari skýrslu. Þetta verk fékk númerið 2687 og fór skráning á vettvangi fram í júlí 2021.

¹ Sjá: Yngvi Þór Loftsson, 2006

² Minjastofnun Íslands, 2013

³ Ásgeir Guðmundsson, 1983, bls. 139-140

⁴ Sjá skýrslur: Heiðrún Eva Konráðsdóttir, 2019, Katrín Gunnarsdóttir, 2014, Agnes Stefánsdóttir, 2008, Þóra Pétursdóttir, 2004 & Bjarni F. Einarsson, 1998

⁵ Brynjólfur Jónsson, 1903



Mynd 1 - Yfirlitskort af skráningarsvæðinu

Fornleifaskráning

Samkvæmt menningarminjalögum njóta allar fornleifar friðunar og verndunar en í 3. grein laganna segir: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annarsvegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. Búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skanskar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Einnig njóta fornminjar friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁶

Í 16. grein laganna er víkið að skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða

⁶ Lög um menningarminjar, 2012, 3.gr.

deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.“⁷

Jafnframt segir í 21. grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi. Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

⁷ Lög um menningarminjar, 2012, 16.gr.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.⁸

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið.⁹



Mynd 2 - Fjárborg (2687-31). Eins og sjá má var oft svarta þoka þegar skráningin fór fram.

⁸ Lög um menningarminjar, 2012, 21. gr.

⁹ Lög um menningarminjar, 2012, 22. gr.

Fornleifar

Alls voru 164 minjar skráðar á vettvangi, eftir heimildum og af loftmyndum. Þar af voru 129 undir verkefnanúmerinu 2687, 13 undir númerinu 2036 og 22 minjar voru skráðar af Minjastofnun Íslands undir númerinu 1780. Sjá má afrakstur fornleifaskráningarinnar í töflunni hér að neðan, í meðfylgjandi fornleifaskrá og á loftmyndum sem sýna staðsetningu minjanna.

NR	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR	ÁSTAND	HÆTTUMAT	HÆTTUORSÖK
2687-1	Lækur	tóft	híbyli	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-2		garðlag	vörslugarður	1550 - 1900	heillegar	engin hætta	
2687-3		hleðsla	traðir	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-4		tóft	fjárhús	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-5		þúst	óþekkt	1550 - 1900	illgreinanleg	engin hætta	
2687-6		tóft	útihús	1550 - 1900	greinanleg	engin hætta	
2687-7		tóft	útihús	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-8		hleðsla	gerði	1550 - 1900	greinanleg	engin hætta	
2687-9		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda
2687-10		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda
2687-11		tóft	útihús	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-12		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanleg	mikil hætta	rofs
2687-13		tóft	óþekkt	1550 - 1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmda
2687-14		tóft	útihús	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-15		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmda

2687-16		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanle g	hætta	framkvæ mda
2687-17	Vorréttin	hleðsla	rétt	1550 - 1900	heillegar	hætta	framkvæ mdir
2687-18		varða	kennimar k	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-19		varða	kennimar k	1550 - 1900	heillegar	engin hætta	
2687-20		varða	kennimar k	1550 - 1900	heillegar	mikil hætta	framkvæ mda
2687-21		varða	kennimar k	1900 - 1950	vel greinanle g	engin hætta	
2687-22		varða	kennimar k	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-23		varða	kennimar k	1550 - 1900	illgreinanl eg	hætta	rask
2687-24		varða	kennimar k	1550 - 1900	illgreinanl eg	mikil hætta	framkvæ mda
2687-25		varða	kennimar k	1550 - 1900	illgreinanl eg	mikil hætta	framkvæ mda
2687-26		varða	kennimar k	1550 - 1900	illgreinanl eg	engin hætta	
2687-27		varða	kennimar k	1550 - 1900	illgreinanl eg	mikil hætta	framkvæ mda
2687-28		varða	kennimar k	1550 - 1900	illgreinanl eg	engin hætta	
2687-29		varða	kennimar k	1550 - 1900	greinanle g	hætta	framkvæ mda
2687-30		varða	kennimar k	1550 - 1900	heillegar	engin hætta	
2687-31		hleðsla	fjárborg	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-32		varða	kennimar k	1550 - 1900	heillegar	engin hætta	
2687-33	Krýsuvíku rgata	gata	leið	1550 - 1900	greinanle g	mikil hætta	framkvæ mda
2687-34		varða	kennimar k	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-35		hleðsla	rétt	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-36		varða	kennimar k	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	

2687-37	Arnarfell	tóft	híbýli	1850 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-38		niðurgröft ur	óþekkt	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-39		grjóthrúg a	túnahreinsun	1900 - 1950	vel greinanle g	engin hætta	
2687-40		steinsteypa	húsgrunnur	1900 - 1950	vel greinanle g	engin hætta	
2687-41		tóft	útiús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-42		tóft	útiús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-43		hleðsla	traðir	1550 - 1900	vel greinanle gar	engin hætta	
2687-44		tóft	útiús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-45		tóft	útiús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-46		tóft	smiðja + garðlag	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-47	Krýsuvík	tóft	híbýli	1850- 1950	vel greinanle g	engin hætta	
2687-48		garðlag	kirkjugarður	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-49		niðurgröft ur	gröf	1800 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-50		tóft	útiús	1550 - 1900	illgreinanleg	mikil hætta	rask
2687-51	Krýsuvík	hóll	bæjarhóll	1000 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-52		tóft	útiús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-53		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanle g	mikil hætta	uppblásturs/áfoks

2687-54		tóft	útihús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-55		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-56		garðlag	matjurtag arður	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-57	Snorrakot ?	tóft	híbýli	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-58		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanle g	hætta	uppblástu rs/áfoks
2687-59	Hafliðaste kkur	tóft	stekkur	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-60	Vitlausí Garður	garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanle g	mikil hætta	uppblástu rs/áfoks
2687-61		niðurgröft ur	mógrafir	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-62	Eldborgar rétt	hleðsla	rétt	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-63		tóft	beitarhús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-64		hleðsla	fjárskýli	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-65		varða	kennimar k / sjómerki	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-66		hleðsla	óþekkt	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-67	Smalaskál i	tóft	smalakofi	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-68		hleðsla	skotbyrgi	1800 - 1950	vel greinanle g	engin hætta	
2687-69		tóft	beitarhús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-70	Jónsvarða n eystri	varða	kennimar k	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	

2687-71	Jónsvarðan vestri	varða	kennimark	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-72		varða	kennimark	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-73		varða	kennimark	1550 - 1900	greinanleg	engin hætta	
2687-74		tóft	sel	900 - 1550	greinanleg	mikil hætta	uppblásturs/áfoks
2687-75		tóft	sel	900 - 1550	illgreinanleg	mikil hætta	uppblásturs/áfoks
2687-76		hóll	öskuhaugur	900 - 1550	greinanleg	mikil hætta	uppblásturs/áfoks
2687-77	Eyri?	tóft	híbbýli / sel?	1550 - 1900	vel greinanleg	mikil hætta	uppblásturs/áfoks
2687-78		tóft	útihus	1550 - 1900	vel greinanleg	mikil hætta	uppblásturs/áfoks
2687-79		tóft	óþekkt	1550 - 1900	greinanleg	mikil hætta	uppblásturs/áfoks
2687-80		hleðsla	fjárborg	1550 - 1900	greinanleg	mikil hætta	uppblásturs/áfoks
2687-81		tóft	fjárhús + hlaða	1550 - 1900	vel greinanleg	hætta	uppblásturs/áfoks
2687-82		tóft	óþekkt	1550 - 1900	illgreinanleg	hætta	uppblásturs/áfoks
2687-83		hleðsla	fjárborg	1550 - 1900	vel greinanleg	hætta	uppblásturs/áfoks
2687-84	Selölduvorða	varða	kennimark	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-85		hleðsla	óþekkt	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-86	Stóri-Nýibær	hóll	bæjarhóll	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-87		tóft	beitarhús	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-88		hleðsla	óþekkt	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
2687-89		tóft	óþekkt	1550 - 1900	illgreinanleg	mikil hætta	uppblásturs/áfoks
2687-90		tóft	óþekkt	1550 - 1900	illgreinanleg	engin hætta	

2687-91		garðlag	túngarður	1550 - 1900	greinanle g	engin hætta	
2687-92		þúst	sel	1550 - 1900	illgreinanl eg	engin hætta	
2687-93		þúst	sel	1550 - 1900	illgreinanl eg	engin hætta	
2687-94		niðurgröft ur	brunnur	1550 - 1900	illgreinanl eg	engin hætta	
2687-95		þúst	sel	1550 - 1900	illgreinanl eg	engin hætta	
2687-96		tóft	óþekkt	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-97		hleðsla	gerði	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-98		varða	kennimar k	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-99	Litli- Nýibær	heimild	bæjarstæ ði	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-100		niðurgröft ur	brunnur	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-101		garðlag	túngarður	1550 - 1900	illgreinanl eg	engin hætta	
2687-102		hleðsla	stekkur	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-103		tóft	útiþús	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-104		hleðsla	stekkur	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-105		hleðsla	skjól	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-106	Eiríksvarð a	varða	kennimar k	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-107		hleðsla	stífla	1550 - 1900	greinanle g	hætta	rofs
2687-108		þúst	óþekkt	1550 - 1900	greinanle g	engin hætta	
2687-109		hleðsla	stekkur	1550 - 1900	vel greinanle g	hætta	skriðufall a
2687-110	Hafliðaste kkur?	tóft	híbyli	1550 - 1900	vel greinanle g	hætta	skriðufall a

2687-111		hleðsla	gerði	1550 - 1900	greinanle g	mikil hætta	uppblástu rs/áfoks
2687-112		tóft	sel	1550 - 1900	vel greinanle g	engin hætta	
2687-113	Ræningjal eiði	heimild	dys	1550 - 1900	sést ekki	mikil hætta	framkvæ mda
2687-114		heimild	úti hús	1550 - 1900	sést ekki	mikil hætta	framkvæ mda
2687-115		heimild	úti hús	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-116		heimild	úti hús	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-117	Suðurkot	heimild	híbbýli	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-118		heimild	úti hús	1550 - 1900	horfin	engin hætta	
2687-119		heimild	úti hús	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-120		heimild	úti hús	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-121		heimild	úti hús	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-122		heimild	úti hús	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-123		heimild	túngarður	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-124		heimild / tóft	óþekkt	1550 - 1900	sést ekki	hætta	uppblástu rs/áfoks
2687-125		heimild	túngarður	1550 - 1900	sést ekki	engin hætta	
2687-126		heimild / garðlag	óþekkt	1550 - 1900	sést ekki	mikil hætta	uppblástu rs/áfoks
2687-127	Dalaleið	gata	leið	1550 - 1900	greinanle g	hætta	uppblástu rs/áfoks
2687-128	Drumbsd alavegur	gata	leið	1550 - 1900	greinanle g	hætta	uppblástu rs/áfoks
2687-129	Hettustíg ur	gata	leið	1550 - 1900	greinanle g	hætta	uppblástu rs/áfoks
2036-1	Fitjar	tóft	híbbýli	1550 - 1900	vel greinanle g	mikil hætta	vegagerð ar
2036-2		niðurgröft ur/hleðsla	safnþró	1550 - 1900	greinanle g	hætta	
2036-3		tóft	úti hús	1550 - 1900	vel greinanle g	mikil hætta	vegagerð ar
2036-4		tóft	úti hús	1550 - 1900	vel greinanle g	mikil hætta	

2036-5		hleðsla	brú	1550 - 1900	Vel greinanleg	Hætta	vegagerð/landeyðing
2036-6		garðlag	túngarður	1550 - 1900	vel greinanleg	mikil hætta	vegagerð
2036-7	Strákafjánhús	tóft	fjárhús	1550 - 1900	Vel greinanleg	hætta	rask/landeyðing
2036-8	Ræningas tígur	heimild	Leið	1620 - 1900	sést ekki		
2036-9	Neðri Fitjar	tóft	Hýbýli	800 - 1900	illgreinanleg	hætta	landeyðing
2036-10	Neðri Fitjar	niðurgröftur/hleðsla	Óþekkt	800 - 1900	illgreinanleg	hætta	landeyðing
2036-11		varða	Óþekkt	1550 - 1900	Vel greinanleg	Lítill hætta	rask
2036-12		varða	Óþekkt	1550 - 1900	illgreinanleg	Lítill hætta	rask
2036-13		varða	óþekkt	1550 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
1780-1855	Gestsstaðir	þúst	óþekkt	870 - 1800	illgreinanleg	engin hætta	
1780-1854	Gestsstaðir	þúst	óþekkt	870 - 1800	illgreinanleg	engin hætta	
1780-3531	Gestsstaðir	garðlag	gerði	800 - 1300	vel greinanleg	hætta	uppblásturs/áfoks
1780-3532	Gestsstaðir	tóft	híbýli/skáli	800 - 1300	vel greinanleg	hætta	uppblásturs/áfoks
1780-3533	Gestsstaðir	tóft	fjós	800 - 1300	vel greinanleg	hætta	uppblásturs/áfoks
1780-3534	Gestsstaðir	tóft	jarðhús	800 - 1300	illgreinanleg	hætta	uppblásturs/áfoks
1780-3535	Norðurkott	garðlag	matjurtagarður	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
1780-3537	Norðurkott	garðlag	matjurtagarður	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
1780-3540	Norðurkott	tóft	óþekkt	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	
1780-3541	Norðurkott	garðlag	túngarður	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta	

1780-3542	Norðurkot	tóft	útihús	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta
1780-3543	Norðurkot	garðlag	túngarður	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta
1780-3544	Norðurkot	tóft	útihús/skemma	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta
1780-3546	Norðurkot	tóft	híbýli	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta
1780-3548	Norðurkot	gata	traðir	1700 - 1900	vel greinanleg	engin hætta
1780-1856	Kaldrani	garðlag	túngarður	870 - 1900	illgreinanleg	engin hætta
1780-1857	Kaldrani	garðlag	túngarður	870 - 1900	illgreinanleg	engin hætta
1780-2163	Ketilstígur	gata	leið	870 - 1900	greinanleg	engin hætta
1780-2283	Seltún	steinsteypa	óþekkt	1900 - 1950	vel greinanleg	engin hætta
1780-2284		hleðsla	smiðja	1870 - 1900	illgreinanleg	engin hætta
1780-2285	Seltún	niðurgröftur	brennisteinsnáma	1700 - 1900	greinanleg	engin hætta
1780-2286	Seltún	steinsteypa	óþekkt	1900 - 1950	vel greinanleg	engin hætta

Tafla 1 - Tafla yfir skráðar minjar á svæðinu. Feitletraðar minjar eru friðlýstar

Alls voru 19 friðlýstar minjar skráðar. Þetta eru friðlýstar minjar Gestsstaða, Norðurkots og Kaldrana. Gestsstaðir og Kaldrani voru friðlýst árið 1930 af Matthíasi Þórðarsyni og Norðurkot var friðlýst af Kristjáni Eldjárn árið 1964.¹⁰

Algengasti minjategundin voru tóftir en þær voru 48 talsins, þar af voru 16 útihús. Því næst komu vörður, 27 talsins og þar af 23 kennimörk, og þriðji algengasti flokkurinn voru ýmsar hleðslur, 23 talsins.

12 tóftir voru skráðar sem hýbýli, þetta eru tóftir Krýsuvíkurbæjarins (2687-47), bæjartóftir Læks (2687-1), tóftir Norðurkots (1780-3546), heimildin um staðsetningu Suðurkots (2687-117), tóftir Gestsstaða (1780-3532), tóftir bæjarins Arnarfells (2687-37), heimildirnar um staðsetningu Stóra- og Litla Nýjabæjar (2687-86 & 2687-99), mögulegar tóftir bæjarins

¹⁰ Ágúst O. Georgsson, 1990, bls. 12

Hafliðastekks (2687-110), bæjartóftir Fitja (2036-1) og Neðri Fitja (2036-9) og svo má leiða líkur að því að tóftir (2687-77, 78 & 79) séu leifar bæjarins Eyri, en staðsetning þeirra bæjar er óviss. Einn staður til viðbótar hefur líklega verið býli líka en það eru leifar túngarða sem eignaðir hafa verið Kaldrana (1780-1856 & 1857).

Enn má sjá móta fyrir tóftum á bæjarhól Krýsuvíkur, tóft (2687-47) eru leifar síðasta íbúðarhússins sem stóð þarna en það sést á túnakorti frá 1918. Þó er búið að raska þeirri tóft en það hefur verið gert þegar bæjarhóllinn var sléttaður að hluta undir eftirliti Þjóðminjasafns Íslands árið 1964.¹¹ Upp við nýju Krýsuvíkurkirkjuna, sem var komið fyrir á sínum stað árið 2020, má vel sjá móta fyrir gröfum (2687-49) sem eru mis gamlar. Aðeins tveir legsteinar eru þó við grafirnar og eru þeir við leiði Sveins Björnssonar, listmálara, sem var sá síðasti sem var jarðaður í Krýsuvík árið 1997, og Árna Gíslasonar, sýslumanns, sem var jarðaður þarna árið 1898. Á austurhluta bæjarhólsins má enn sjá leifar af smiðju (2687-46) og tvennar útihúsatóftir (2687-44 & 45), sem og traðir (2687-43) sem ganga niður hólinn og liggja á mótis við traðir Læks (2687-3).




Mynd 3 - Uppmæling minja við Krýsuvík, Læk, Norðurkot og Suðurkot

¹¹ Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1964, 1966, bls. 150


Bæjartóftir Læks eru enn mjög heillegar, tóftir bæjarhúsanna (2687-1) sjálfra eru mjög greinilegar í landslaginu á túninu vestan við Krýsuvíkirkirkju. Lækur var hjáleiga frá Krýsuvík en ekki var minnst á hana í jarðatali árið 1703 og er aldur hjáleigunnar óviss, það er heldur ekki til túnakort af Læk. Útihúsin (2687-4, 5, 6, 7, 8 & 13) frá Læk sjást líka, þó misvel. Túngarðarnir (2687-9, 10 & 12) hafa að mestu sloppið við uppblástur sem hefur leikið svæðið í kring grátt.

Minjaheildin við Norðurkot var friðlýst af Kristjáni Eldjárn árið 1964.¹² Minnst var á Norðurkot í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 en þá var kotið kallað Norðurhjáleiga og sama á um við Suðurkot, sem var nefnt Suðurhjáleiga í Jarðabókinni.¹³ Tóftir Norðurkots eru mjög heillegar og voru skráðar af Minjastofnun Íslands árið 2016, sömu sögu er ekki að segja um Suðurkot en þar sjást einungist túngarðarnir og ein útihúsatóft, restin af svæðinu hefur verið sléttuð.

Gestsstaðir voru friðlýstir af Matthíasi Þórðarsyni, þáverandi þjóðminjaverði, árið 1930¹⁴ á grundvelli lýsingar Brynjúlfs Jónssonar: „*Gestsstaðir heitir eyðibær, norðvestur frá Krýsuvík, þar sem hún er nú. Hann hefur staðið sunnanundir dálitilli hæð, sem gengur austur úr Sveifluhálsi. Sér þar enn fyrir tóftum, og hefir þar verið stórbýli á sínum tíma. Bæjartóftin er 10 fðm. löng frá austri til vesturs, hefir engan miðgaf, og mun hafa verið þiljuð sundur. Dyr sjást ógjör, en á suðurhliðinni hafa þær verið, því hvorki eru þær á endanum né norðurhliðinni.*



Mynd 4 - Norðurkot á túnakorti frá 1918. Kortið hefur verið klippið til.



Mynd 5 - Suðurkot á túnakorti frá 1918. Kortið hefur verið klippið til.


¹² Ágúst O. Georgsson, 1990, bls. 12

¹³ Árne Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 5-7

¹⁴ Ágúst O. Georgsson, 1990, bls. 12

Skamt austar er fjóstóft, 6 fðm. löng, og heygarður eigi lítill. Túnið hefir og verið mikið og umgirt, en nú er það víða komið í sand af árennsli. – Þau tilmæli heyrði ég í Grindavík fyrir 40 árum, að Krýsuvík hefði í fyrstu heitið Gestsstaðir og staðið vestur við hálsinn. Nú þykist ég skilja sannleikann í þeim. Jörðin Gestsstaðir hefur verið eign Krýsuvíkirkirkju. Hefir bærinn og kirkjan því verið flutt í Gestsstaðarland eftir eldinn. En við það hafa Gestsstaðir verið sviftir nytjum, og meir og meir þrengt að þeim, unz þeir lögðust í eyði.“¹⁵ Sagt var frá Gestsstöðum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 en þá hafði bærinn verið það lengi í eyði að enginn vissi hvenær hann var byggður síðast. Þó sáust þá bæði greinilegar tóftir og túngarðar á staðnum þó þar væri mikið uppblásið.¹⁶

Agnes Stefánsdóttir segir í skýrslu sinni að Gestsstaðir séu líklega eitt af elstu býlum í landi Krýsuvíkur og að heimildir gefi til kynna að staðurinn sé jafnvel eldri en Krýsuvíkurbærinn sjálfur.¹⁷



Mynd 6 - Mælingar Minjastofnunar Íslands af tóftunum á Gestsstöðum


Tóftir bæjarins Arnarfells eru enn vel greinanlegar undir suðurvesturhlíð Arnarfellsins sjálfs en Arnarfell var hjáleiga frá Krýsuvík. Einnig voru útihúsa og stekkjartóftir mældar í grasivöxnum bala í hlíðinni ofan við bæinn. Túngarður hjáleigunnar er farinn að skemmast vegna uppblásturs en er samt enn vel greinanlegur. Ekki var minnst á Arnarfell í Jarðabókinni

¹⁵ Brynjúlfur Jónsson, 1903, bls. 50

¹⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 7


¹⁷ Agnes Stefánsdóttir, 2008, bls. 14

1703 en þar var byggð samkvæmt sóknarmannatölum árin 1855, 1860 og 1865.¹⁸ Ekki er til túnakort af Arnarfelli.



Mynd 7 - Uppmæling minja bæjarins Arnarfells

Minnst var á Nýjabæ í bréfi frá 1563¹⁹ talað var um bæði Nýjabæ og Litla Nýjabæ í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703²⁰ en einungis er til eitt túnakort af Nýjabæ frá 1918. Þessar jarðir voru hjáleigur frá Krýsuvík. Einungis bæjarhóllinn er eftir þar sem Stóri Nýibær stóð og á Litla Nýjabæ er einungis brunnur og smá túngarðsbútur eftir, túnin hafa verið sléttuð og allar aðrar minjar sem voru á yfirborðinu hafa horfið með því, þó er nánast öruggt að fleiri minjar leynist undir sverði.



Mynd 8 - Túnakort Nýjabæjar frá 1918. Kortið hefur verið klippt til.

¹⁸ Þóra Pétursdóttir, 2004, bls. 30

¹⁹ DI XIV, bls. 201

²⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 4-5

Leiða má líkur að því að tóftir sem eru norðvestan undir Bæjarfellinu séu leifar Hafliðastekks. Í örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti var talað um Hafliðastekk sem býli²¹ og í örnefnaskrá Ara Gíslasonar var sagt að Hafliðastekkur væri norðvestan við Bæjarfellið.²² Austan við tóftirnar er að finna túngarð, sem kallaður var Vitlausigarður í örnefnaskrá, og tóft sem gæti verið eftir útihús og styðja þessar minjar við það að þarna hafi á einhverjum tíma verið býli.



Mynd 9 - Tóftir meinta býlisins Hafliðastekks (2687-110)

Lítið er vitað um ábúð á Fitjum og mjög fáar heimildir til sem segja frá jörðinni, sem var hjáleiga frá Krýsuvík. Árið 1867 var samt jörðin farin í eyði en í Þjóðólfi 27. febrúar 1867 var getið um dómsmál fyrir yfirdóminum þar sem þrír ábúendur í Krýsuvík sóttu gegn Gísla Jónssyni bónda á Býaskerjum árið 1866. Gísli á að hafa beitt fé sínu við Fitjar í óþökk ábúenda Krýsuvíkur og þar er ljóst að ekki var búið á Fitjum það árið.²³ Eina manntalið þar sem Fitjar eru nefndar var gert árið 1850 og þá voru skráðir 7 þar til heimilis.²⁴

²¹ Örnefnaskrá – Krýsuvík, Þorsteinn Bjarnason frá Háholti

²² Örnefnaskrá – Krýsuvík, Ari Gíslason

²³ Dómsmálið fyrir yfirdóminum: 3 búendr í Krýsuvík, gegn Gísla Jónssyni bónda á Býaskerjum. Yfirréttardómur 3. Desbr. 1866., 1867


²⁴ Heiðrún Eva Konráðsdóttir, 2019, bls. 5-6



Mynd 10 - Horft yfir bæjarstæði Fitja. Ljósmynd: Rósa Karen Borgþórsdóttir

Sömu sögu er að segja um tóftirnar við Neðri Fitjar, ekki er til mikið af heimildum um þann bæ. Í örnefnaskrá Gísla Sigurðssonar var sagt: „*Vesturlækur rennur hér ofan af heiðinni í Vesturlækjarfossi, en þar fyrir neðan tekur hann nafnbreytingu, nefnist Fitjalækur. Rennur meðfram túninu og niður um Efri-Fitjar. Austur af læknum eru Fitjamóar og þar lengra austur Neðri-Fitjar.*“²⁵

Bjarni F. Einarsson leiddi því líkum að tóftir (2687-77, 78 & 79) séu leifar bæjarins Eyri²⁶ en í örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti sagði að Eyri hafi verið innan við Hafnarberg og farið í eyði 1775. Þá hafa mögulegar seljarústir sem eru um 50m norðvestan við tóftirnar líklega verið einhverskonar forveri býlisins og gætu þær verið mjög gamlar, enda eru þær mjög




Mynd 11 - Uppmæling Heiðrúnar Evu Konráðsdóttur af tóftum Neðri Fitja frá 2019

²⁵ Örnefnaskrá – Krýsuvík, Gísli Sigurðsson

²⁶ Bjarni F. Einarsson, 1998, bls. 15

fornlegar að sjá. Minjarnar við Eyri eru í stórhættu vegna landeyðingar en þær standa við uppþornaðan árfarveg og hressilega er farið að blása uppúr rofabörðunum, t.a.m. er eitt hólfi horfið af aðaltóftinni í bæjarstæðinu.



Mynd 13 - Uppmælingar á meintu bæjarstæði Eyrar og selsins fyrir ofan það



Mynd 12 - Aðaltófin við Eyri (2687-77)


Hinir meintu túngarðar við Kaldrana voru friðlýstir af Matthíasi Þórðarsyni árið 1930 á grundvelli lýsingar Brynjúlfs Jónssonar og skráðir af Minjastofnun Íslands árið 2009: „Kaldrani er nefndur í þjóðsögum. Er sagt að hann hafi verið hjáleiga frá Krýsuvík og staðið inn við Kleifarvatn. Og líka er sagt að þar hafi alt fólk dáið af loðsilungsáti. Örnefnið: Kaldrani er til við vatnið. Sést þar 34 fðm. langur túngarðsspotti úr stórgryti og lítil grasflöt fyrir ofan, suðaustan í sléttum melhól. Uppi á hólnum er dálítill dreif af hleðslugrjóti, sem virðist flutt þangað af mönnum. Gæti það hafa verið leifar af bænum. Því garðspottinn sýnir það, að þar hafa menn búið á sínum tíma.“²⁷

Ólafur Þorvaldsson skrifað einnig um söguna um Kaldrana í bók sinni Harðsporar og sagði þar að fólkið þar hafi lifað mikið af silungsveiði í vatninu og að allir hafi drepist eftir að hafa borðað loðsilung, fyrir utan einn niðursetning sem hafði ekki matarlist. Þá birti hann þetta kvæði:

*Mál er að gana,
maður hárvana.
Liggur andvana
lýður á Kaldrana,
utan niðurseta,
sem ei vildi eta.*²⁸

²⁷ Brynjúlfur Jónsson, 1903, bls. 50

²⁸ Ólafur Þorvaldsson, 1951, bls. 113



Mynd 14 - Yfirlitskort af skráðum minjum

Krýsuvík

Elstu heimildir um Krýsuvík má finna í Hausbók Landnámu, þar sagði að Þórir haustmyrkur hafi numið Selvog og Krýsuvík.²⁹ Þarna er þó verið að tala um Gömlu-Krýsuvík sem líklega hefur staðið í Húshólma en þar má sjá fornar tóftir innan um hraunið sem hefur runnið yfir þær. Ein kenningin er að eftir að Ögmundarhraun rann yfir Gömlu-Krýsuvík hafi bærinn verið fluttur þar sem Krýsuvíkirkirkja stendur enn í dag, inn á land Gestsstaða, sem var þá í eigu Krýsuvíkirkirkju. Við það hafi nýttar Gestsstaða rýrnað eftir því sem Krýsuvík þurfti meira land undir sinn búskap og Gestsstaðir á endanum lagst í eyði.³⁰

Næst var minnst á Krýsuvík í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar, sem er frá því um 1200, og sagt að kirkja hafi verið í Krýsuvík.³¹

Krýsuvík var einnig nefnd í máldögum Viðeyjarklausturs árin 1234 og 1284 í sambandi við hvalreka, ef hvalreka varð vart í Krýsuvík ætti að festa hvalinn þannig að hann ræki ekki aftur út og senda orð um rekan til Viðeyjar innan þriggja daga.³²

Í rekaskrá Strandakirkju 1275 var sagt:

„fra mijgander grof og til bergs enda eiga strendur allan reka ad helminge vid stadenn j krijseviyk:

Sa ger mældage æ herdijsarviykur fiorum ad stadur j skalhollte a halfann vidreka. allan annan enn auxar talgu vid j millum Selstada oc hellis firer austan riett til marks vid strandar land.

Stadur j skalhollte og herdijsarviyk eigu iiij vættar huals og skal vega enu fiordu med brioske og beine: enn þridiung i öllum ef meire kiemur. Enn strandarmenn tuo hlute.

Skalhollt oc krijseviyk æ halfann allann reka under fuglberge vi strandar land.

Millum wogs og hellis 'strandur land iiij vætter en ef meire er þa æ skalhollt oc krijseviyk flordung j öllum hval.

Enn firer austan wog til vindass æ stadur j skalhollte oc krijseviyk halfan tolfteung i hual ef meire er enn iiij vætter enn ecke ellegar.“³³

²⁹ Landnámabók I-III. Hausbók. Sturlubók. Melabók, 1900, bls. 123-124

³⁰ Brynjólfur Jónsson, 1903, bls. 50

³¹ DI XII, bls. 9

³² DI I, bls. 507

³³ DI II, bls. 124-125

Svo sagði í máldaga Mariukirkju í Krýsuvík: „*Mariu kirja í Krýsuvík á heimaland allt. Herðisarvík. ix. mæla land á Þórkötlustöðum. Hálfan hvalreka í Raunnesi millum Rangagjögurs og marks við Bedstædinga [Bessastaðamenn] og eingja grasnautn með. Þrjá hluta hvals enn Viðeyingar fjórðung. Enn frá migandi gröf til kirkju fjöru eiga staðir í Skáhholti og Krýsuvík helming hvals og viðar og alla grasnautn. Krýsuvík á allan reka á kirkjufjöru. Enn frá kirkjufjöru og til marks við Herðisarvík hálfan hval og viðreka og alla grasnautn. Enn í Herðisarvík á staðurinn í Skáhholti helming viðar*



Mynd 15 - Nýja Krýsuvíkurkirkjan sem komið var fyrir á sinn stað árið 2020

við Krýsuvík. Þriðjung hvalreka eigu staðir báðir saman til marks við Strandarmenn. Enn fjórðung hvals við Strandamenn til Vogs. Hálfan tólfthung hvals á Krýsuvík í Strandar hluta.

Ein messuklæði, kaleik, klukkur, ij bjöllur, ij glodarkier, altaraklæði, iij kross steindur, sacrarium, munnlaug, paxspjald, vij kýr, xvj ær og xx iij hross. Kúgildi viij^c, j metfie, iij merkur vax, c vadmála, item iij ær.“³⁴

Í bréfi dagsettu 13. maí 1367, sem voru vitnisburðir Þorbjarnar Högnasonar um máldaga og eignir Strandarkirkju í Selvogi, var einnig talað um hvalreka sem var í eigu Krýsuvíkur og Skáhhólts.³⁵ Og í máldaga Þorlákskirkju á Skeggjastöðum á Ströndum frá sama ári var sagt að Mariukirkja í Krýsuvík ætti heima land allt „*herðijsarvík, ix mæaland á þorkötlustodum.*“³⁶ 1397 reiknaðist kirkjunnar góss í Krýsuvík „*að auk fornra máldaga, vc, portio vmm, ij, ár hálf, viij alin.*“³⁷ Einnig var sagt í máldaga Viðeyjarklausturs árið 1413 að staðurinn í Viðey ætti fjórðung í hvalreka í Krýsuvík.³⁸

Í máldaga Mariukirkju í Krýsuvík frá 1477 var sagt að kirkjan ætti heimaland allt Herðisarvík, ix mæla land á Þórkötlustöðum, hálfan hvalreka í Raunnesi milli Rangagjögurs og mark við Bessastaðamenn, svo voru eigur kirkjunnar taldar upp.³⁹ Í bréfi frá 1479, sem var vitnisburður Arngræðar Halldórsdóttur um ítök upp í Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd, var sagt að kirkjan í

³⁴ DI II, bls. 360-361

³⁵ DI III, bls. 212

³⁶ DI III, bls. 222

³⁷ DI IV, bls. 101

³⁸ DI III, bls. 749

³⁹ DI VI, bls. 124-125

Krýsuvík ætti þar j x hrundruð í jörðinni.⁴⁰ 1487 var svo gerður vitnisburður um reka Viðeyjarklausturs á Krýsuvíkurfjörum og var hann svipaður og áður.⁴¹

Í máldaga Kaldaðarneskirkju í Flóa frá 1491-1518 sagði að viðarhögg í Geldingasteini, fjöru í Keflavík að helmingi við Krýsuvíkurstað að öllum reka. Sauðhöfn í Krýsuvík og húsrúm manna í að geyma þar sauðfé.⁴² Biskup var svo fenginn til að meta kirkjuna í Krýsuvík árið 1496 og virtist honum kirkjan x hundruðir og staðin allan með hjáleiguhúsum innan garða xv hundruðir.⁴³ Árið 1525 sagði Ögmundur biskup að Viðeyjarklaustur skyldi eignast þann part í Vatnsleysulandi sem Krýsuvíkurkirkja hafði átt.⁴⁴ Í bréfabók Gizurar frá 1539 stóð að vitrir menn hafi sagt að sigla skyldi í suðvestur undan Krýsuvíkurbergi til að komast til Nýjalands.⁴⁵ Ekki er víst hvaða land er átt við en ein kenning er að Nýjaland hafi verið partur af austurströnd Grænlands.⁴⁶

Í máldaga Kaldaðarneskirkju í Flóa 1553-54 var sagt það sama og í máldaganum 1491-1518,⁴⁷ og máldagi Maríukirkju í Krýsuvík 1553-54 var mjög svipaður máldaganum 1477.⁴⁸ Árið 1563 var sóknarkirkjan í Krýsuvík lögð niður af hirðstjóra eftir beiðni Gísla biskups Jónssonar:

„Það meðkennumst ég Páll Stígsson kongleg Maiestatis Bidalningzmann yfir öllu Íslandi, að á Bessastöðum um haustið mánudaginn næstan fyrir Michaelsmessu, kom fyrir mig herra Gísla Jónsson Superintendes Skálholts Sticktis. Spurði mig ráða og tillagna hver nauðsyn mér þætti á þeirri kirkju sem haldin hafði verið í Krýsuvík. Þá tók ég með mér þessa heiðurs dánimenn Jón Bjarnason, Loft Narfason og Jón Loftsson prestmenn. Item Orm bónda Jónssonm Gísla, Sveinsson og Niels skrifar Ólafsson. Þótti mér með þessum fyrrnefndum dánimönnum í fyrstu engin þörf eða nauðsyn vera eður verið hafa að í þessari nefndri Krýsuvík alkirkja væri. Því það má enginn sóknarkirkja kallast sem engin samkunda til liggur. Því leist oss svo best fara og sannlega staðfestum að þessi Krýsuvíkurkirkja aflagðist enn lægi til Strandar kirkju bæði tolla og tíundir og alla aðra rentu svo sem aðrir almenningsbæir skyldugir eru sínum sóknarkirkjum að veita. Enn umboðsmenn dómkirkjunnar í Skálholti skyldu Krýsuvík byggja til fulls landgildis og aftekta Skálholts dómkirkju vegna. Svo og líka Herdísarvík og annað það

⁴⁰ DI VI, bls. 185-186

⁴¹ DI VI, bls. 609

⁴² DI VII, bls. 45-46

⁴³ DI VII, bls. 324

⁴⁴ DI IX, bls. 289

⁴⁵ DI X, bls. 436

⁴⁶ Ólafur Davíðsson, 1893, bls. 192

⁴⁷ DI XII, bls. 658

⁴⁸ DI XII, bls. 662-663

fleira sem þessum Krýsuvík stað hefur fylgt. Enn sökum þess að þessi oftnefnda Krýsuvík liggur nokkuð í ffarska að vegalengd til Strandarkirkju þá þótti oss vel fara þó í Krýsuvík stæði lítið húskorn Guðs vegna og þess heimilisfólks sem þar kann að vera sjúkt eða gamalt: Og herra Gísli skyldi nokkur kúgildi til leggja svo að Guðs orðs þjénari mætti þar huld nætur saka



Mynd 16 - Eiríksvarða (2687-106) á Arnarfelli. Varðan hefur verið bætt í seinni tíð.

hafa þá hann þar kæmi eða þyrfti að koma Guðlegrar hjarðar að vitja. Skyldi þetta vort álit og gjörningur óbregðanlega standa hér eftir.“⁴⁹

1627 áttu hin svokölluðu Tyrkjarán sér stað. Eiga þeir að hafa komið á land í Krýsuvík og sagt var frá því í Þjóðsögum Jóns Árnasonar hvernig séra Eiríkur í Vogósum, sem sagður var göldróttur, hrakti þá í burt:

„Annað sinn komu Tyrkjar undir Krýsuvíkurborg og gengu upp þar sem síðar heitir Ræningjastígur. Þá var sel hjá Selöldu og fóru Tyrkjar þangað, drápu matseljuna, en eltu smalann heim að Krýsuvík. Það var sunnudagur og var Eiríkur prestur að messa í Krýsuvíkirkirkju. Segja sumir að hann væri fyrir altarinu, en hitt mun sannara að hann væri í ræðustól er smalinn kom hlaupandi inn og mælti hátt: „Tyrkjar komu og drápu matseljuna og eltu mig hingað.“ Prestur mælti: „Viljið þið ekki lofa mér að ganga fram í dyrnar góðir menn?“ Menn játtu því. Eiríkur gengur fram í dyr og lítur út og sér Tyrkja koma á túninu. Hann mælti til þeirra: „Farið nú ekki lengra! Drepið þarna hvur annan! Væri annar dagur eða ég öðruvísi búinn, mundu þið éta hvur annan.“ Þar börðust þeir og drápust niður, og heitir þar síðan Orrustuhóll eða Ræningjahóll er þeir börðust, en Ræningjapúfur þar sem þeir eru dysjaðir. Þar eftir hlóð Eiríkur vörðu á Arnarfelli og mælti fyrir henni sem hinna að meðan hún stæði skyldu Tyrkjar aldrei granda Krýsuvík. Sú varða stendur enn nú (1859).“⁵⁰

⁴⁹ DI XIV, bls. 158-159


⁵⁰ Jón Árnason, 2003, bls. 562

Eitt sel var skráð í suðaustur hliðum Selöldunnar (2687-74, 75 & 76), ekki skal fullyrt um að Tyrkir hafi drepð þar matseljuna en þjóðsagan virðist staðfesta selið. Einnig stendur Eiríksvarða (2687-106) enn á Arnarfelli, þó hún hefur verið bætt á seinni tíð.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var Krýsuvík sögð kirkjustaður og var hún annakteruð til Selvogsþinga. Jarðardýrleikinn var óviss og eigandinn dómkirkjan í Skálholti. Landskuldin var í hundraðir þrjátíu álnir og borgaðist með fiski ef hann var til, annars með peningum eða landaurum upp á danskan taxta. Ábúandi átti rekavið frjálsan til uppbóta á húsum nema ef um stór tré var að ræða, þá tók dómkirkjan í Skálholti helminginn. Þá sagði Jarðabókin einnig frá sex hjáleigum, Nýjabæ, Litla Nýjabæ, Norðurhjáleigu (seinna Norðurkot), Suðurhjáleigu (seinna Suðurkot) Austurhús og Vesturhús.⁵¹

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson voru á ferð um Krýsuvík á árunum 1752 – 1757 og sögðu að Krýsuvík væri kunn á Íslandi og meira að segja erlendis vegna brennisteinsins sem hafði verið safnað þar til útflutnings og gerðu þeir greinagóða lýsingu á hverasvæðinu í Seltúni.⁵²

Henry Holland kom til Krýsuvíkur árið 1810 og lýsti staðarhaldi þar sem heldur slæmri upplifun: „Til Krýsuvíkur komum við kl. 5. Þetta er ömurlegur staður, sex eða átta kofar standa þar á víð og dreif á ósléttu svæði við ræturnar á stakri hæð. Stolt og þrjál staðarins er timburkirkja, 18 fet á lengd og 8 á breidd, en hæðin er 5 fet og 8 þumlungar undir bita. Við höfðum ráðgerðt að búa í kirkjunni, meðan við dveldumst í Krýsuvík, og í því skyni fengum við kirkjulykilinn léðan. En við höfðum naumast litið inn í hana, er við hurfum frá því ráði. Svo mátti heita, að þar kæmu saman öll þau ógeðugheit, sem framast væri að hugsa sér, skítur, myrkur og óþefur af fiski á öllum mögulegum herzlustigum o.s.frv. Gólfíð var óslétt, að við hefðum naumast getað skorað tjaldsængina okkar þar, og ofan á allt annað var svo hið litla gólfrymi fyllt með kössum, timbri og alls konar skrani.“⁵³



Mynd 17 - Uppdráttur Hollands af Krýsuvíkurkirkju

Árið 1818 svaraði séra Jón Vestmann, prestur í Selvogi, bréfi konunglegu nefndarinnar, *Commissionen for oldsagers opbevaring*, sem hafði sent fyrirspurn um fornleifar í landinu. Þar

⁵¹ (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 3-7)

⁵² Eggert Ólafsson, 1981, bls. 178-179

⁵³ Henry Holland, 1992, bls. 60

skrifar hann um þær fornminjar sem hann þekkir en nefnir engar í núverandi landi Krýsuvíkur. Þó minnst hann á fornminjar í Ögmundarhrauni: „*Húshólmi niður við sjóinn í hama hrauni; hefur þar verið mikil byggð áður en brann, sem sést af húsa tófta brotum, að hvar um hraunið gengið hefur, að norðan – vestan – sunnan, og næstum saman að austan-verðu; er þar 1^a tóftar-form 12 feta breitt, og 24 feta langt, innan niður fallinna veggja rústa; húsið hefur snúið líkt og kirkjur vorar, meinast gamalt goða-hof; fundið hafa menn þar nokkuð smávegis af Eyrægi; þar er tvísett túngarðs form með 20 faðma millibili, hvar nú er lyng mói; enn graslendi innan innri garðs, austanvert við hraunið.*“⁵⁴

Krýsuvíkurkirkja brann til grunna eftir íkveikju þann 2. janúar 2010⁵⁵ og í framhaldi á því fór fram fornleifarannsókn á kirkjugrunninum vegna undirbúnings fyrir nýju kirkjuna⁵⁶ sem Iðnskólinn í Hafnarfirði smíðaði og stendur sú kirkja þar í dag.⁵⁷



Mynd 18 - Grunnur gömlu Krýsuvíkurkirkjunnar. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir

⁵⁴ Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, 1983, bls. 227

⁵⁵ Sjá t.d.: Krýsuvíkurkirkja brann í nótt, 2010

⁵⁶ Sjá t.d.: Katrín Gunnarsdóttir, 2012

⁵⁷ Sjá t.d.: Stór stund þegar ný Krýsuvíkurkirkja var hífð upp, 2020

Heimildaskrá

- Agnes Stefánsdóttir. (2008). *Krýsuvík - Trölladyngja. Fornleifaskráning*. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins.
- Ágúst O. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gullbringu- og Kjósarsýsla* (B. 3). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Ásgeir Guðmundsson. (1983). *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983* (B. 1). Hafnarfjörður: Skuggsjá.
- Bjarni F. Einarsson. (1998). *Krýsuvík. Fornleifar og umhverfi*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Brynjúlfur Jónsson. (1903). Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902, eftir Brynjólf Jónsson. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903*, bls. 31-52.
- Dómsmálið fyrir yfirdóminum: 3 búendr í Krísuvík, gegn Gísla Jónssyni bónda á Býaskerjum. Yfirréttardómur 3. Desbr. 1866. (27. febrúar 1867). *Þjóðólfur*.
- Eggert Ólafsson. (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* (B. II). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Gísli Sigurðsson. (2004). *Seiður lands og sagna III. Áfangastaðir suðvestanlands*. Reykjavík: Skrudda.
- Gunnlaugur Haraldsson. (2014). *Helgistaðir við Hafnarfjörð* (B. II, síðari hluti). Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarkirkja.
- Heiðrún Eva Konráðsdóttir. (2019). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Krýsuvíkurborg*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Henry Holland. (1992). *Dagbók í Íslandsferð 1810*. (S. Steindórsson, Þýð.) Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Íslenskt fornbréfasafn. (1857-76). *Diplomatarium Islandicum (DI I-XVI)*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðgarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

- Jón Árnason. (2003). *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* (B. I). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Katrín Gunnarsdóttir. (2012). *Krýsuvíkurkirkja. Uppgröftur október 2012. I. hluti*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Katrín Gunnarsdóttir. (2014). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir Seltún í Krýsuvík. I. hluti*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Krýsuvíkurkirkja brann í nótt*. (2. janúar 2010). Sótt 23. júlí 2021 frá mbl.is: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/01/02/krysuvikurkirkja_brann_i_nott/
- Landnámabók I-III. Hausbók. Sturlubók. Melabók*. (1900). Kaupmannahöfn: Det Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab.
- (2012). *Lög um menningarminjar*.
- Minjastofnun Íslands. (2013). *Skráningarstaðlar fornleifa*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.
- Minjavefsjá*. (án dags.). Sótt frá www.map.is/minjastofnun
- Ólafur Davíðsson. (1893). Um Landfræðissögu Íslands, eptir cand. Ólaf Davíðsson. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*(14), 136-204.
- Ólafur Þorvaldsson. (1943). Fornar slóðir milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 81-95.
- Ólafur Þorvaldsson. (1951). *Harðsporar*. Reykjavík: Prentsmiðja Austurlands H.F.
- Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1964. (1966). *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1965, bls. 142-155.
- Stór stund þegar ný Krýsuvíkurkirkja var hífð upp*. (10. október 2020). Sótt 23. júlí 2021 frá ruv.is: <https://www.ruv.is/frett/2020/10/10/stor-stund-thegar-ny-krysuvikurkirkja-var-hifd-upp>
- Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. (1983). *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Túnakort - Krýsuvík, Suðurkot & Norðurkot. (1918).
- Túnakort - Nýibær. (1918).

Yngvi Þór Loftsson. (2006). *Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025. Umhverfi og útivist*.
Kópavogur: Landmótun.

Þóra Pétursdóttir. (2004). *Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi*. Reykjavík:
Fornleifastofnun Íslands.

Örnefnastofnun. (án dags.). *Örnefnaskrá - Krýsuvík, Ari Gíslason*.

Örnefnastofnun. (án dags.). *Örnefnaskrá - Krýsuvík, Gísli Sigurðsson*.

Örnefnastofnun. (án dags.). *Örnefnaskrá - Krýsuvík, Þorsteinn Bjarnason frá Háholti*.

Myndaskrá


